

Ár 1978, miðvikudaginn 27. september, var í málinu nr. 9/1978 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að á lóðinni nr. 2 A við Melagötu, Neskaupstað, hefur verið reist steinsteypt hús, sem notað er fyrir skrifstofur og bílgeymslu. Sumarið 1977 sendu bæjaryfirvöld í Neskaupstað Fasteignamati ríkisins upplýsingar um mannvirki þetta á eyðublaði, sem stofnunin hefur látið gera fyrir skráningu upplýsinga um fokheld mannvirki. Húseign þessi var hins vegar ekki í fasteignaskrá þeirri, sem öðlaðist gildi 31. desember 1977. Fór mat ekki fram á henni fyrr en með úrskurði Fasteignamats ríkisins frá 27. júlí 1978, að undangenginni ítrekun af hálfu fyrirsvarsmanna bæjarsjóðs Neskaupstaðar. Úrskurðurinn er svohljóðandi:

"Skoðun á húseigninni Melagötu 2 A fór fram hinn 9. nóvember 1977 og voru gögn þar að lútandi send til tölvuvinnslu strax á eftir. Hinsvegar reyndist húseignin of sérhæfð fyrir vélmat og kom því ekki fram í fasteignaskrá fyrir 1978. Verður húsið skoðað aftur í sumar og mun fara í handmat.

Með tilvísun til kæru yðar og hliðsjón af framansögðu þykir rétt að úrskurða bráðabirgðamat á húseigninni, sem gildi uns endanlegt mat hefur farið fram.

Úrskurðarorð: Húseignin Melagata 2 A í Neskaupstað skal fyrir árið 1978 metin á kr. 7.340 þús.

Mat lóðar verði óbreytt kr. 123 þús!"

Við álagningu fasteignaskatts og annarra fasteignagjalda árið 1978 áætluðu bæjaryfirvöld í Neskaupstað matsverð umræddrar húseignar.

Samkvæmt fasteignagjaldaseðli, dags. 31. janúar 1978, var áætlunarverð hússins kr. 7.404.000 og álagður fasteignaskattur kr. 90.324.000


Í bréfum dags. 18. júlí og 18. ágúst 1978, kvartar eigandi umræddrar fasteignar, Guðmundur Ásgeirsson, yfir skattlagningu og mati eignarinnar. Verður að skýra bréf þessi svo, að hann kæri til Yfirfasteignamatsnefndar bæði álagningu fasteignaskatts og mat Fasteignamats ríkisins frá 28. júlí 1978. Lóð hússins var í fyrrgreindri fasteignaskrá metin á kr. 123.000 og er ekki ágreiningur með aðilum út af því mati.

Eigi verður talið, að fyrrgreindu mati Fasteignamats ríkisins samkvæmt úrskurðinum frá 27. júlí 1978 hafi verið hnekkt og ber að staðfesta það. Umrædd húseign fullnægði lagaskilyrðum til að vera tekin í fasteignamat um áramótin 1977/1978 og hafði Fasteignamati ríkisins þá borist í tæka tíð nægileg gögn frá bæjaryfirvöldum, til þess að mat gæti farið fram. Var kröfu um fasteignamat fylgt eftir af bæjaryfirvöldum Neskaupstaðar. Að svo vöxnu máli verður að telja, að leggja megi fasteignamat samkvæmt úrskurði Fasteignamats ríkisins frá 28. júlí 1978 til grundvallar álagningu fasteignaskatts fyrir árið 1978.


Ú r s k u r ð a r o r ð :

Fasteignamat húseignarinnar nr. 2 A við Melagötu í Néskaupstað
ákveðst kr. 7.340.000 og fasteignamat lóðar kr. 123.000.


Heimilt er að leggja ofangreint fasteignamat til grundvallar
við álagningu fasteignaskatts árið 1978.



Gáukur Jörundsson.



Magnús Thoroddsen.



Torfi Ásgeirsson.